

Skipulagsstofnun  
[landsskipulag@skipulag.is](mailto:landsskipulag@skipulag.is)

8. janúar 2021

## Umsögn um tillögu að viðbót við Landsskipulagsstefnu

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögu að viðbót við gildandi Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 og veita hér með umsögn sína um hana.

SUNN lýsir ánægju með þær áherslur sem ráðherra lagði fram 2018 varðandi viðbótina og einnig með uppsetningu og meginefnistök tillögunnar sem Skipulagsstofnun leggur fram. Meðal þess sem vel er gert að mati samtakanna er tillaga um *20 mínútna bæinn* og aðrar tillögur í nýjum 5. kafla um loftslagsmál, svo sem um loftslagsvæna landnotkun t.d. með varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri, sýnast ágætlega útfærðar. Viðbætur við 4. kafla gildandi stefnu um haf- og strandsvæði eru að mati samtakanna góðar, en samtökin stóðu á liðnu ári í framlínu baráttu umhverfisverndarsamtaka gegn sjóvíældi í Eyjafirði. Strandsvæðisskipulag eins og lagt er til að þar verði, væri sannarlega til mikilla bóta. Þá er gríðarmikill fengur að skýrslu EFLU og LUC um landslagsgreiningu, sem tengist nýjum 6. kafla stefnunnar, en slíkrar greiningar hefur verið beðið lengi. Þá sýnist SUNN kafla 7, um lýðheilsu, vera vel útfærður.

Það sem SUNN sýnist hins vegar ekki vera tekið nægilega utan um í tillögunni eru tilmæli ráðherra um viðmið fyrir greiningu á óbyggðum víðernum.

***SUNN kallar eftir viðmiðum sem taka tillit til huglægs þáttar víðernaskilgreiningar, skírskotunar til tímasettrar skyldu til að kortleggja öll víðernasvæði landsins og sambærilegum samningi og gerður var við EFLU og LUC um landslagsgreiningu 2019.***

Tillagan setur í aðgerð 6.1.6 á bls. 37 fram fjögur viðmið fyrir kortlagningu óbyggðra víðerna. Hugtakið óbyggð víðerni hefur skv. lögum huglægan þátt, það er *“að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja”*, sbr. 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga. Hinn huglægi þáttur skilgreiningarinnar endurspeglar að mati SUNN ekki nægilega í tillögu að viðmiðum, en öll fjögur viðmiðin sem lögð eru til tengjast mannvirkjum sem slíkum, og þá einkum sýnileika þeirra og fjarlægð frá þeim eingöngu mældri í lengdareiningum og aðeins landform sem slík sem geta haft áhrif þar á. Kallar SUNN eftir viðmiðum sem ná huglægum hluta skilgreiningarinnar fram. Aðferðir hafa verið þróaðar sem taka inn fjarlægð frá vélknúnu aðgengi (hversu langan tíma það tekur mann að ganga frá e.k. vegi eða lendingu á sjó), hversu erfitt land er yfirferðar og hversu náttúrulegt það virkar. Dæmi um beitingu slíkra viðmiða við hlið viðmiða um sýnileika mannvirkja má finna í skýrslu um Drangajökulsvíðerni frá 2019, sem nálgast má hér: [Rafhlaðan - Hvalá power plant proposal : review of impacts on wilderness : a report \(rafhladan.is\)](https://www.rafhladan.is/rapport/2019-01-24-Drangajokulsviderni)

Starfssvæði SUNN nær til stórs hluta Vatnajökulsþjóðgarðs, víðfeðmra óbyggðra víðerna og einstakra náttúruperlana eins og Dettifoss, Hljóðakletta, Ásbyrgis, Vonarskarðs og Mývatns og umhverfis. Samtökin hafa talað mjög fyrir verndun óbyggðra víðerna, bæði innan og utan miðhálandis. Til þess að hún geti orðið, þarf að liggja fyrir grunnástand í formi kortlagningar. Það eru nokkur vonbrigði að tillaga að Landsskipulagsstefnu gangi ekki lengra í átt að stefnumótun um verndun óbyggðra víðerna og leggi hvorki fram fullmótaða aðferðafræði við

kortlagningu þeirra, né neins konar tilraun til kortlagningar óbyggðra víðerna utan miðhálandisins. Þar sem fram er komið stjórnarfrumvarp á Alþingi um breytingu á náttúruverndarlögum sem tímasetur skyldu til að kortleggja öll óbyggð víðerni á Íslandi (skal henni vera lokið fyrir júní 2023) og lesa má úr frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að Skipulagsstofnun annist umsjón þess verks, kalla samtökin eftir því að í endanlegri Landsskipulagsstefnu verði að finna skírskotun til þeirrar (fyrirhuguðu) lagasetningar. Tímabært er, að mati samtakanna, að fylgja með markvissum áætlunum um aðgerðir eftir þeim tveggja áratuga fyrirætlunum að kortleggja víðerni Íslands, en slíkt getur verið grunnur bæði rannsóknna, skipulagsákvæðana og ákvæðana um friðlýsingu í verndarflokki 46. gr. náttúruverndarlaganna.

Úfærsla í tillögunni á aðgerð 6.1.6 er í þessu samhengi allt of rýr og ekki til bóta frá núverandi ástandi, ekki síst samanborið við áherslu á aðra þætti viðbótarinnar við Landsskipulagsstefnu, og í greinargerð um þennan þátt á bls. 41-2 er ekki að finna þær áherslur sem nauðsynlegar eru um viðmið og kortlagningu víðerna.

SUNN kallar eftir mun skýrari og afdráttarlausari aðgerðum varðandi óbyggð víðerni í Landsskipulagsstefnu með vísan til tilmæla ráðherra, verndarmarkmiða um víðerni í 3. gr. náttúruverndarlaga, umræðu um gildi víðernanna í sambandi við fyrirhugaðan Hálandisþjóðgarð og umfjöllun um svæðið innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem er á Heimsminjaskrá UNESCO og þess að evrópsk kortlagningarverkefni sýna að Ísland geymdi árið 2013 yfir 42% af allra villtustu víðernum álfunnar. Ábyrgð Íslands á að kortleggja víðerni sín eftir bestu aðferðum, staðfærðum eftir atvikum, og vernda þau sem þess þurfa með, er mikil og mikilvægt að kortlagning á landsvísu takist vel. Það er grunnur að kortlagningu víðerna í skipulagi sveitarfélaga sbr. aðgerð 6.1.2.

Virðingarfyllst,



Harpa Barkardóttir, stjórnarformaður